

# 3

## Frelsunaráform Guðs

Í verkefni 2. sáum við að við erum öll syndarar sem þörfnumst frelsara. Við lærðum að í eigin mætti getum við aldrei náð þeim háa staðli sem þarf til þess að komast inn í himininn. Það er ekki okkur að kenna að við fæðumst syndarar og því hefur Guð séð um að við verðum ekki tortímingunni að bráð með því að koma með frelsunaráform.

1. **Hverjar eru afleiðingar syndarinnar?** Rómverjabréfið 6.23 \_\_\_\_\_

2. **Hvernig vitum við að við erum syndug?** Rómverjabréfið 6.23

---

*Ath. Jú, vegna þess að við munum öll deyja að lokum! Sú meginregla að synd leiðir til dauða, var svo óhagganleg í ríki Guðs að hann sjálfur gat ekki breytt því fyrir okkur. Ef hann gæti litið fram hjá syndugleika okkar, hvernig gæti hann þá ætlast til að það ríkti eining og regla á himnum? Svo að hann útbjó björgunaraðgerð fyrir okkur og útvaldi Pál postula til þess að segja frá henni. Orðið „fagnaðarerindi“ þýðir einfaldlega **góðar fréttir**. Og þegar þú skilur fagnaðarerindið verður þú sammála því að það er virkilega góðar fréttir.*

*Við lestur í ritum Páls sjáum við lykilord sem eru eins og rauður þráður í gegnum rit hans. Þessi ord eru „í Kristi“, „í Kristi Jesú“ eða „með Kristi“. Annað svipað er „í honum“ eða „ásamt honum“. Ef við skiljum ekki hvað Biblían á við með „í Kristi,“ þá munum við aldrei skilja að fullu góðu fréttirnar við fagnaðarerindið.*

3. **Hvenær útbjó Guð þessa áætlun?** Efesusbréfið 1.4-5 \_\_\_\_\_

---

4. **Hvað gerði Guð?** Efesusbréfið 2.4-6; 1.9-10

---

*Ath. Dauðinn varð hlutskipti alls mannkynsins því við erum öll „í Adam“ en Guð kom með áætlun þar sem allir gætu frelsast „í Kristi.“ Faðirinn sameinaði mannkynið syni sínum. En fyrst varð Kristur að verða „hæfur“ sem fulltrúi okkar og frelsari með því að samþykkja að verða mennskur. Guð, faðirinn, sameinaði líf sonar síns mennsku eðli í móðurlífi Maríu.*

*Vegna þessa er Jesús kallaður hinn síðari Adam. Eina leiðin fyrir hann að verða fulltrúi okkar var að samþykkja að verða einn af okkur. Og sem fulltrúi okkar tók hann allt mannkynið með sér á krossinn til þess að uppfylla kröfur lögmálsins. Réttlætisverk hans varð réttlætisverk okkar. Hinum lagalegu kröfum fyrir frelsun okkar hefur verið fullnægt.*

## 3-2

5. „Í hvern“ setti Guð okkur til þess að frelsa mannkynið? 1 Korintubréf 1.30

---

6. Hvert verður hlutskipti allra þeirra sem eru í Kristi? 1 Korintubréf 15.21-22

---

7. Hvert varð hlutskipti allra manna vegna syndar eins manns og hver varð afleiðingin? Rómverjabréfið 5.18 (fyrri hluti)

---

8. Hvert varð hlutskipti allra manna vegna réttlætisverks eins manns og hver varð afleiðingin? Rómverjabréfið 5.18 (seinni hluti)

---

*Ath. Allir munu deyja því allir hafa syndgað „í Adam“, eins hafa allir hlýðnast „í Kristi“ og standa því réttlættir til lífs í honum. Með sínu fullkomna lífi og fórnardauða hefur hann fullnægt réttlætiskröfu lögmálsins fyrir okkar hönd. Í Kristi á mannkynið nýja mannkynssögu sem gerir alla trúaða hæfa fyrir himininn.*

*Margir trúa því að frelsun sé einungis fyrirgefning synda. Það er eins og syndirnar séu skrifaðar á skólatöflu og þegar Jesús dó þá var hann eins og töfluþurrka sem þurrkar út syndir okkar. **En þetta er ekki það sem Biblían kennir!** Jú, saga okkar eða syndir eru ritaðar á töflu og Jesús er eins og töfluþurrka, en taflan verður ekki auð. **Allar góðu, helgu og réttlátu gjörðir Krists eru færðar yfir á okkur og skrifaðar á okkar töflu. Þetta eru þessar ótrúlega góðu fréttir fagnaðarerindisins!** En athugið að það sem Guð hefur fært öllu mannkyninu fyrir hlýðni Krists er ókeypis gjöf og við getum ekki fengið hana nema við tökum á móti henni.*

9. Hvenær erum við innifalin „í Kristi“? Efesusbréfið 1.13-14

---

*Ath. Um leið og þú tekur á móti Kristi sem frelsara þínum og treystir honum einum fyrir frelsun þinni, þá lítur Guð svo á að þú sért meðtekinn í elskuðum syni hans. Það er eins og um leið og þú fæðist fáir þú sérstaka afmælisgjöf frá Guði. Það er undir þér komið hvenær þú opnar gjöfina og tekur á móti því sem hann hefur gefið þér.*

10. Hvaða tvo valkosti höfum við varðandi þessa lífsins gjöf frá Guði?

1 Jóhannesarbréf 5.12

a. \_\_\_\_\_ b. \_\_\_\_\_

### 3-3

*Ath. Ef við afþökkum þessa gjöf eignumst við ekki eilífa lífið, sama hversu mörg góðverk við gerum. Þegar þú tekur á móti Jesú og treystir honum sem frelsara þínum þá er eilífa lífið sem Guð býður þér öruggt!*

#### 11. Hvaða fullvissu gefur Páll þeim sem trúá á son Guðs? Kólossubrésið 1.22

---

*Ath. Þó að þú sért syndari, þá ertu núna fullkomin(n), lýtalaus og óaðfínanleg(ur) í augum Guðs. Þetta færir okkur frið við Guð og við getum verið áhyggjulaus um frelsun okkar.*

#### 12. Ef við trúum á Jesú hvað munum við verða? Jóhannes 1.11-13

---

*Ath. Guð lítur á alla sem trúá á Jesú Krist sem börnin sín. Ef þú trúir á nafn hans hefur þú nú þegar eignast eilífa lífið, þó þú finnst ekki fyrir því né finnst þú eiga það skilið. Þegar Lincoln Bandaríkjaforseti gaf út frelsisýfirlýsinguna (Emancipation Proclamation) urðu allir þrælur löglega frjálsir. Þrátt fyrir það voru sumir þrælur ennþá að vinna á plantekrunum 10 árum seinna. Af hverju? Vegna þess að þeir trúðu ekki góðu fréttunum svo að í þeirra eigin huga voru þeir ekki frjálsir. Þegar Jesús dó á krossinum, þá gaf hann okkur **öllum** nýtt líf í honum. En ef við trúum því ekki, þá mun það ekki verða satt í okkar lífi.*

#### 13. Hvað gerist ef við heyrum og trúum orði Guðs? Jóhannes 5.24

---

#### 14. Hvað gerist þegar þú tekur á móti gjöf réttlætis Krists? 2 Korintubríf 5.17

---

#### 15. Hvaða þjónustu hefur Guð falið okkur? 2 Korintubríf 5.18-21

---

*Ath. Guð hefur gefið okkur öllum val. Við getum valið að vera „í Adam“ eða „í Kristi.“ Það er ekkert þar á milli. Það er ekki okkar sök að við fæddumst „í Adam“ en það er okkar sök ef við ákveðum að vera ekki „í Kristi“.*

#### 16. Hvað biður Guð okkur um að gera í dag? 5 Mósebók 30.19

---

### 3-4

*Samantekt: Við getum ekkert gert í eigin mætti til að eiga frelsunina skilið. Hún fæst aðeins sem gjöf frá Guði. Guð borgaði of hátt verð fyrir okkur að við hunsum þessa ótrúlegu fórn hans fyrir okkur. Guðs gjöf var greitt of háu verði til þess að þú afþakkir hana. Af hverju ekki að taka á móti þessari gjöf í dag?*

# Svör við nr. 3

Spurning 1 – Dauði

Spurning 2 – Við deyjum öll að lokum

Spurning 3 – Áður en heimurinn var skapaður

Spurning 4 – Guð Faðir sameinaði mannkynið syni sínum í gegnum mannlegt eðli Jesú

Spurning 5 – Krist

Spurning 6 – Allir verða lífgaðir

Spurning 7 – Sakfelling allra manna

Spurning 8 – Sýknun og líf fyrir alla menn

Spurning 9 – Þegar við heyrum boðskapinn og trúum

Spurning 10 – a- Líf b- Dauði

Spurning 11 – Í augum Guðs erum við lýtalaus og óaðfínanleg

Spurning 12 – Þeir verða börn Guðs

Spurning 13 – Við erum stígninn yfir frá dauðanum til lífsins

Spurning 14 – Við erum sköpuð á ný

Spurning 15 – Þjónustu sáttargjörðarinnar

Spurning 16 – Velja lífið